



Val í 8. – 10. bekk

Tímabil 2



Nemendur í 8.-10.bekki skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið;** annað kennt á **priðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 7 eða 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 2. tímabil sem tekur yfir nóvember, desember og fram í janúar.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálsum vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið. Mikilvægt er að foreldrar & forsjáraðilar staðfesti með undirskrift á valblaðinu að þeir samþykki að barn þeirra velji utanskólavalið og staðfesti sömuleiðis þann tímafjölda sem barnið skilar í frístundum.

Í haust voru samþykktar breytingar á aðalnámskrá og þá felld út ákvæði um að meta mætti launaða vinnu sem utanskólavalið. Á 3. og 4. tímabili verður því þátttaka í atvinnulífi ekki lengur metin sem utanskólavalið.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að staðfesta val barna sinna á þar til gerðu valblaði. Nemendur fara heim með blaðið miðvikudaginn 6. nóvember og þurfa að skila því fimmtudaginn 6. nóvember.

Nemendur í 9.- 10.bekki ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

Tímabil 2

19. nóvember – 21. janúar

Priðjudagsval 13.50 – 15.10
Leirmótun
Útivist
Styrktarþjálfun
Leiklist og spuni
Jólagleði
LEGO
Frístund
Súpur / brauð / bakstur
Utanskólavalið (sjá skýringar)

14. nóvember – 7. janúar

Fimmtudagsval 13.50 – 15.10
Listsköpun
Súpur – brauð - bakstur
Skák
Enski boltinn
Nemendaráð
Frístund
Jóga
LAN (Nýung)
Utanskólavalið (sjá skýringar)

Tímabil 2

Þriðjudagsval

19. nóvember – 21. janúar

kl. 13.50 – 15.10

LEIRMÓTUN

Markmið

Nemandi þjálfist í að hanna og móta úr jarðleir. Ljúki við tvo meðalstóra leirmuni eða fleiri minni.

Vinnan þín

- * Hvað vilt þú búa til? Samkomulag, óskir. - Leirstyttur, leirskálar, leirkrúsir o.s.frv.
- * Gott er að þú skissir upp form hluta í þrívídd með réttum hlutföllum og skráir leirtegund og glerjunga.
- * Varðveitir allar hugmyndir ef tími er fyrir aukahlut.
- * Síðan mótar þú eftir teikningunni í nokkuð réttum hlutföllum, glerjar og brennir.
- * Þú rifjar upp hvernig hugsa þarf um blautan leirmun í mótun frá byrjun til enda.
- * Klárar þinn persónulega hlut/hluti og tekur með þér heim.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmat

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



STYRKARÞJÁLFUN



Lýsing:

Nemendur stunda styrktarþjálfun undir handleiðslu kennara. Jafnframt æfa nemendur sig að planleggja styrktaræfingar og vinna með grunnhugtök í styrktarþjálfun.

Námsmat:

Metin þátttaka nemenda í tímunum.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson

Staður: Íþróttahús

Útivist og hreyfing

Í þessum valáfanga er áhersla á allskonar hreyfingu og útivist. Nemendur fá hugmyndir af hreyfingu sem hægt er að gera utandyra ásamt því að finna hvað náttúran hefur góð áhrif á okkur. Við munum prófa allskonar eins og fara á gönguskiði, fjallahjólaferðir, gönguferðir, elda úti, grilla sykurpúða, fara í leiki og fleira. Allir tímar byrja á upphitun, hreyfingu og svo slökun í lokin.

Markmið er að nemendur...

- Finni hreyfingu við sitt hæfi – hreyfing er meira en að mæta bara í ræktina.
- Njóti þess að vera úti, hreyfa sig og leika.
- Finni hvað útivist gerir gott fyrir líkama og sál.
- Stuðli að heilsieflingu með útivist, hreyfingu, núvitund og gleði.
- Auki áhuga sinn fyrir útivist og hreyfingu.

Námsmat: Virkni í tímum og áhugi.

Kennari: Íris Sverrisdóttir

Staður: Úti



Leiklist og spuni

Í þessum valáfanga verður áhersla lögð á raddþjálfun, líkamsbeitingu, samvinnu og spuna í gegnum leiki og leiklistaræfingar. Leikgleði og frumsköpun verða leiðarljós í gegnum áfangann.

Nemendur fá kynningu á ólíkum leiklistarformum, taka þátt í karaktersköpun og vinna senur á sviði.

Markmið er að nemendur geti:

- Unnið saman í hóp að leiklistarverkefni.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undir- búning og sköpun leikþátta.

Námsmat

Hæfniviðmið í lotum. Símat.

Kennari: Andrea Katrín Guðmundsdóttir

Staður: Stofa 24 / svið



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir
Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



LEGO



Lýsing

Ýmsar tilraunir með LEGO; forritun á vélmennum, uppsetning á brautum o.fl.

Nýtt LEGO-sett frá fyrri LEGO-keppnum.

Námsmat

Virkni í tímum og áhugi

Kennari: Sæbjörn Guðlaugsson

Staður: Stofa 21

Jólagleði - eitt og annað brasað í textílmenntastofunni

Markmið

Að nemendur efla færni sína og skilning í textílmennt.

Að nemendur efla sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.

Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.



Viðfangsefni

Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið. Hægt er t.d. að hekla, prjóna, sauma út, bútasauma og fleira. Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og mun kennari veita handleiðslu þannig að nemendur geti nýtt færni sína og elft hana með verkefnavali.



Námsmat

Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.



Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa

Súpur, brauð og bakstur

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á næringarríkar, matarmiklar og bragðgóðar súpur. Nemendur þjálfast í að elda mismunandi tegundir af súpum eins og uppbakaðar súpur, maukaðar súpur, tærar súpur o.s.frv. Auk þess verður ýmiskonar brauðbakstur í hverjum tíma sem og annar bakstur.

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Geti útbúið sér næringarríka og einfalda rétti.
- Þjálfast í næringarfræði, hreinlæti og góðum vinnubrögðum.
- Þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.



Kennarar: Guðrún Helga Elvarsdóttir og Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, er í tómstundastarfi eða annað íget ég fengið utanskólaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Tímabil 2

Fimmtudagsval

14. nóvember – 7. janúar

kl. 13.50 – 15.10

Listsköpun

Markmið



Nemandi fái tækifæri til að vinna með þann miðil í listsköpun sem fellur undir hans áhugasvið.

Lýsing

Í vinnustofunni er boðið upp á einstaklingsnám. Unnið er með hugmyndir hvers og eins nemanda.

Í boði er að vinna með leir, pappír, blýant, kol, liti, krítar, acrylliti og vatnsliti.

Kennslufyrirkomulag

Nemendum eru skapaðar aðstæður til að vinna eftir hugmyndum sínum frá hugmynd að lokaútkomu.

Námsmat

Mat samanstendur af metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa

Enski boltinn

Enski boltinn er trúarbrögð! Við ætlum að gera ýmislegt tengt enska boltanum eins og spá fyrir um úrslit, gera upp umferð og búa til lið og taka stöðuna í Fantasy. Að auki gera nemendur eitt valverkefni þar sem þeir hafa frjálssar hendur varðandi viðfangsefni og úrvinnslu.



Premier League

Markmið

- Nemandi getur nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- Nemandi getur nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
-

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og virkni í kennslustundum.

Kennari: Sæbjörn Guðlaugsson

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gang

SKÁK



Lýsing

Að sjálfsögðu verður hér teflt og teflt. Stefnt er að því að fá skákfróða gesti í heimsókn til að leiðbeina nemendum svo þeir verði ennþá betri í skák.

Markmið

- Að nemendur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að nemendur læri að keppa í skák og læri þær reglur sem gilda í slíkum keppnum

Mat

Þátttaka nemenda og virkni nemenda er metin auk hæfniviðmiða sem við eiga.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Stofur 25 og 26



Súpur, brauð og bakstur

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á næringarríkar, matarmiklar og bragðgóðar súpur. Nemendur þjálfast í að elda mismunandi tegundir af súpum eins og uppbakaðar súpur, maukaðar súpur, tærar súpur o.s.frv. Auk þess verður ýmiskonar brauðbakstur í hverjum tíma sem og annar bakstur.

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Geti útbúið sér næringarríka og einfalda rétti.
- Þjálfast í næringarfræði, hreinlæti og góðum vinnubrögðum.
- Þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.



Kennarar: **Guðrún Helga Elvarsdóttir** og Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa

Nemendaráð

Prettán nemendur sitja í Nemendaráði, fjórir úr hverjum árgangi og formaður sem er kosinn af nemendum á elsta stigi.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa í Nemendaráði velja það á valblaði og séu fleiri en 4 úr hverjum árgangi er dregið á milli þeirra.



Valið gildir út allt skólaárið og snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingsstigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorrablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar. Fundartími nemendaráðs er í valtímum.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendaráðmin notaleg.
- Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorrablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi

LAN - klúbbur

Mæting í LAN klúbb í Nýung **einn laugardag**.

Einn laugardag í nóvember eða desember mun hópurinn koma saman í Nýung og LAN-a. Klúbburinn byrjar um hádegið og stendur fram eftir degi.

Meðlimir lan klúbbsins þurfa að koma með eigin Playstation tölvur, tölvuskjá/sjónvarp og fjöltengi. Félagsmiðstöðin Nýung ber ekki ábyrgð á tækjabúnaði. Leikir bannaðir innan 16 ára verða ekki leyfðir í þessum klúbbi.

Mikilvægt er að mæta undirbúinn með því að ganga úr skugga um að tölvurnar séu tilbúnar þegar mætt er til leiks hvað varðar leiki, update og annað sem fylgir.

Umsjónarmaður: Ármann Davíðsson

Staður: Nýung




Jóga

Á námskeiðinu verður farið í undirstöðuatriði í jóga. Nemendur læra grunnæfingar og þjálfá öndun.

Námsmat: Metin þátttaka og virkni nemenda.

Kennari: Jelena Prlic

Staður: Salur í kjallara íþróttahúss



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.



Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í

Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, tek þátt í tómsundum eða annað íget ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil